

1868.
20. apríl.

150 rd. styrk til að halda áfram að gefa út „Tíðindi um stjórnarmálefni Íslands“, og hefir í dag verið hlutast til, að fella þetta verði greidd fæðirði deildarinnar, Stephensen etazráði, úr aðalfæðirzlu ríkisins.

1. maí.

20. Samningur milli dómsmálastjórnarinnar og hins sameinaða gufuskípafélags, um gufuskípsferðir milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands.

1. grein.

Vér undirskrifaðir, „hið sameinaða gufuskípafélag“, skuldbindum oss til að hafa í förum sem póstskip milli Kaupmannahafnar, Færeyja og Íslands, skrífugufuskíp úr fyrsta flokki gufuskípa, sem sé að stærð hêrumbil 400 enskar lestir, og láta það fara úrið 1868 fimm, og annars á ári hverju sex, ferðir milli Kaupmannahafnar og Reykjavíkur, samkvæmt reglum þeim, er nákvæmar verða settar hêr í þessum samningi, og skal ferðum þessum hagað eptir áætlun, er gufuskípafélagið semur fyrir hvert ár, og dómsmálastjórnin eða yfirvald það, er að því leyti kynni að koma í hennar stað, samþykkir. Sé ekki alkunnir viðburðir í náttúrunni því til fyrirstöðu, má aldrei ákveða, að fyrsta ferðin frá Kaupmannahöfn skuli byrjuð seinna en 1. marzmánaðar.

2. grein.

Skipið skal á hverri ferð koma við báðar leiðirnar í Þórshöfn og á Vestmannaeyjum, til að skila af sér og taka við póstbréfum og farþegum, á Vestmannaeyjum samt því að eins, að engin töf orsakist af því, og því verði komið við eptir áliti skipstjóra; enn fremur skal komið við báðar leiðirnar á Berufirði eða Eskifirði, á báðum stöðum samt því að eins, að því verði við komið. Geti skipið ekki hættulaust lagt inn í Reykjavík, annaðhvort sökum storma eður annara óumflýjanlegra hindrana, skal skila póstsendingunum í Hafnarfirði, og skulu

1868.

1. maí.

þær þá á kostnað stjórnarinnar fluttar þaðan til Reykjavíkur. Að öðru leyti er útgjörðarmönnum heimilt, bæði á leiðinni til Íslands og þaðan aptur, að koma við á öðrum stöðum, svo og að koma við annarstaðar á Íslandi en í Reykjavík.

3. grein.

Á hverri leið skal ætlað nægilegt rúm handa póstsendingunum til Færeyja og Íslands og þaðan aptur.

Allt til þess að komið verður á burðareyri undir póstsendingar annaðhvort til Færeyja eða Íslands, skal sem póstsendingar að eins talið: konungleg erindismál, sendibréf og blöð, en aptur á móti eru böggjar samningi þessum óviðkomandi, og skal að eins tekið við þeim fyrir borgun eptir verðlagi, sem útgjörðarmennirnir setja.

Frá því að búið er að koma á burðareyri, skal enn fremur telja með póstsendingum peninga og böggla allt að 5 punda þunga.

4. grein.

Kostnaðurinn til að flytja póstsendingarnar af skipi og á skal vera gufuskipafélaginu óviðkomandi.

Í Kaupmannahöfn skal hin íslenska stjórnardeild eða hvert það yfirvald, er að því leyti kann að koma í hennar stað, látin vita að minnsta kosti með 8 daga fyrirvara, hvenær skipið á að fara af stað; svo skal og skipstjóri, ekki seinna en sólarhring eptir að hann er kominn til Reykjavíkur, gefa hinum æðsta embættismanni þar, sem í hlut á, áþekka vísbendingu, og eiga yfirvöld þessi þá að sjá um, að póstsendingarnar sé komnar út á skipið á hinum tiltekna tíma.

Þar á móti skulu póstsendingarnar komnar út á skip í Þórshöfn og á Berufirði, eða Eskifirði ef til þess kemur, innan þriggja stunda eptir að skipið er þangað komið, án nokkurrar sérstaklegrar aðvörunar.

Fari svo, að skipið nokkuru sinni verði að bíða eptir póstsendingunum, skal hinu sameinaða gufuskipafélagi greidd fyrir slíka bið 150 ríkisdalir fyrir hvern sólarhring, og eptir tiltölu fyrir skemmri tíma.

1868.

1. maí.

5. grein.

Ef að skipið ekki skyldi vera ferðbúið hëðan á þeim tímum, sem ákveðið er að það skuli fara hëðan af stað, erum vér skuldbundnir til að láta annaðhvort sama skipið eða annað óaðfinnanlegt gufuskip fara hëðan innan hálfis mánaðar og þar að auki til að greiða bætur, eptir því sem óvilhallir menn ákveða, ef drátturinn er oss að kenna.

6. grein.

Í hvert skipti sem skipið fer frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands, skal það skylt til, ef stjórnarráðið krefst þess, að taka þrjá farþega, og á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum eptir ósk hlutaðeigandi amtmanna tvo frá Íslandi og einn frá Færeyjum, fyrir 25 ríkisdala borgun fyrir hvern farþega til Íslands og þaðan, og 20 ríkisdala borgun fyrir hvern farþega til Færeyja og þaðan. Borgun fyrir kost er ekki með talin.

7. grein.

Á ferðunum frá Kaupmannahöfn til Færeyja og Íslands skal stjórnarráðið og hafa rétt á að ráða yfir allt að 48 enskra lesta (tons) rúmi í skipinu samtals fyrir allar ferðirnar, og skal það vera komið undir samkomulagi milli stjórnarráðsins og gufuskipafélagsins, hversu miklu skuli tekið við í hverri ferð. En á leiðinni frá Íslandi og Færeyjum geta hlutaðeigandi amtmenn að eins ráðið yfir fjöggra enskra lesta rúmi kauplaust á hverri ferð skipsins til Kaupmannahafnar, og skal amtmaðurinn á Færeyjum ætíð hafa rétt til að ráða yfir einni enskri lest að minnsta kosti.

Allt það rúm í skipinu, sem ekki er áskilið stjórninni eptir því, sem nú var sagt, getur félagið notað sjálft, þó svo, að skipið sé lætt og haganlega hlaðið og yfir höfuð að tala svo, sem hentast er á þeim tíma ársins, er hver ferð er farin. Stjórnarráðið eða áður nefndir amtmenn eiga ekki með að leigja burt neitt af rúmi því í skipinu, sem þeim er áskilið, þar á móti skal félaginu heimilt að hagnýta það af rúmi þessu, sem ekki er notað í þarfir hins opinbera.

8. grein.

1868.

1. maí.

Afferma skal og ferma á svo hentugum stað, sem við má koma, og ber skipstjóra að gæta vandlega póstsendinganna; hann skal og gæta þess, að skipverjar fari svo varlega, sem vera ber, með vörur þær og góz, sem flytja skal á skip og af og stjórnarráðið sendir eða nokkurt annað af yfirvöldum þeim, sem nefnd eru í næstu grein, svo að ekkert skemmist fyrir hirðulausa meðferð.

9. grein.

Skipsleigan fyrir allar ferðirnar á ári hverju er 15,000 ríkisdalir ríkismyntar. Fyrir árið, sem nú er að líða, fær fælagið 15,000 rd. fyrir að flytja póstsendingarnar, en þó skal draga þar frá kostnað þann, sem stjórnarráðið hefir af að láta Fyllu fara með póstsendingarnar fyrstu ferðina, en samt því að eins, að hann ekki fari fram úr 2,500 ríkisdöllum. Skipsleigan skal borguð með ávísunum á aðalféhirzlu ríkisins eptir tiltölu fyrir hverja ferð, er skipið er komið aptur til Kaupmannahafnar. Við lok hvernar ferðar skal einnig endurgjalda gufuskipafélaginu lestagjald það, sem það eptir framlögðum reikningi hefir orðið að greiða fyrir skipið bæði hér og á Færeyjum.

10. grein.

Týnist skipið eða verði það fyrir haftjóni, skal um það farið eptir lögum og venju.

11. grein.

Beri slík tilfelli að höndum, að skipinu sé hætta búin að verða fyrir óskunda sökum ófriðar, skal annaðhvort láta af ferðunum um stundarsakir, eða stjórnarráðið tekur þá að sér að ábyrgjast alla hættu fyrir slíkum óskunda, eða endurgeldur gufuskipafélaginu gjaldið fyrir ábyrgð á honum.

12. grein.

Fararsamningur þessi gildir um 5 ár, þangað til 31. desembermán. 1872; þó áskilja sér báðir málspartar, er samninginn gjöra, að segja honum upp innan 31. desembermán. á hverju ári, og er það vitaskuld, að skuldbinding stjórnarráðsins

1868.

1. maí.

er undir því komin, að ríkisþingið veiti fê það, sem þörf er á.

Þannig skrifað í tvennu lagi í dómsmálastjórninni 1. dag maímanaðar 1868.

Dómsmálastjórnarherra

Th. Rosenörn - Teilmann.

Sem útgjörðarmenn,

fyrir hönd hins sameinaða

gufuskipafélags.

C. P. A. Kock,

framkvæmdar-forstjóri.

11. maí.

21. Bréf dómsmálastjórnarinnar til stiptamtannsins og amtmannanna á Íslandi, um umburðarbréf frá aðalskattastjórninni áhrærandi skipamælingar.

Um leið og yður, herra stiptamtmaður (amtmaður), eru send 3 exemplör af umburðarbréfi frá aðalskattastjórninni dagsettu 7. septembermán. f. á. áhrærandi skipamælingar, eruð þér beðnir um að senda bæjarfógetanum í Reykjavík og sýslumanninum á Vestmannaeyjum (sýslumanninum í Snæfellsnes-sýslu og bæjarfógetanum á Ísafirði) (bæjarfógetanum á Akureyri og sýslumanninum í Suðurmúlasýslu) sitt exemplarið hvorum, og jafnframt sèr í lagi að leiða athygli þeirra að ákvörðunum þeim, sem settar eru í greinunum *l* og *m* í umburðarbréfinu, að því er snertir reikninginn á gjaldinu fyrir íslenzk leiðarbréf.

Fylgiskjal.

l. Um það, hvernig breyta eigi tons-rúmmáli í kaupskipalesta-rúmmál.

a. Þegar á að reikna út gjöld af skipum, skal breyta hundraðabrotum tons-rúmmálsins í brot úr tons á þann hátt er nú segir: